Byggingaleyfisumsókn í nóvember 2019

Sótt er um byggingarleyfi fyrir nýjum Íþróttasal með tengdum stoðrýmum, áhaldageymslu, tæknirýmum og fleira. Salurinn byggist upp að núverandi húsi og eru gerðar breytingar á útvegg eldra húss vegna þess, auk þess sem núv. stigi milli hæða er fjarlægður og byggt nýtt stigashús sem þjónar báðum hæða, beggja húshluta.
Í byggingarlýsingu er húshlutarnir skilgreindir þannig:
Eldra hús: Húshlutar A-C eins og þeim er lýst í bygginarlýsingu fyrir eldra hús
Íþróttasalur 2: Nýr Íþróttasalur ásamt áhaldageymslu, nýju stigahúsi og tæknirýmum.
Aðaluppdrættir með byggingarleyfisumsókn ná yfir báða húshlutana. Í eldra húsi eru sótt um nýjar svalir á suðurvegg Íþróttasalar og aðkomu frá þeim að nýju félagsrými sem var áður geymsla.
Byggingarlýsing er tvískipt. Fyrir eldra hús er óbreytt byggingarlýsing frá gildandi aðaluppdráttum en sér byggingarlýsing fyrir Íþróttasal 2.
Upphalleg brunahönnun byggingarinnar var gerð af VST sem í dag er Verkís verkfræðistofa. Nú hefur Verkís tekið að sér hönnun á viðbyggingu sem hýsa á sal 2 auk þess að gera smávægilegar breytingar á eldri hluta byggingarinnar sem aðallega tengjast tengingu húsanna.

Tækifærisskemmtanir í íþróttasölum

Áður sampykkt skýrsla um skemmtanahald í íþróttasal eldri húshluta er uppfærð og nær nú líka til íþróttasalar 2, sjá:
Tækifærisskemmtanir í íþróttasal
GREINARGERÐ
Brunatæknileg hönnun og heilbrigðismál
Framangreind skýrsla er hluti aðaluppdrátta og brunahönnunar hússins.

ELDRA HÚS

BYGGINGARLÝSING OG BRUNAVARNIR
1.Lýsing.
1.1.Húsið er á svæði Hauka við Ásvelli við hlið gerfigrasvallar.
1.2.Aðkoma bíla og bílastæði eru norð-vestan við húsið eins og fram kemur á
afstöðumynd. Aðalinngangur og sérinngangur að félagsheimili eru á sömu
hlið en inngangur notenda gerfigrasvallar er á austurhlið.
1.3. Húsið skiptist í þrjá megin hluta:
A:Íþróttasalur og áhaldageymsla.
B:Búningsaðstaða ásamt öðrum stoðrýmum við austurhlið salarins á tveimur hæðum.
C:Forsalur, afgreiðsla, leikfimisalur með búningsklefum sem einning er ætlað að þjóna gerfigrasvelli og félagsheimili Hauka við suðurenda salarins.
Þessi hluti byggingarinnar er á einni hæð og myndar lokaðan inngarð.
2.Burðarvirki og byggingarhlutar.
2.1.Berandi byggingarhlutar.
Allt húsið er steinsteypt með járnbentri steinsteypu (veggir, súlur, milligólf og loft yfir mestum hluta hliðarbyggingar.
2.2.Þök
Þök hliðarbyggingar eru að mestu hefðbundin, uppstóluð sperruþök á steyptum plötum. Yfir karate/leikfimisal og veitingasal eru þó límtrébitar og
heitt þak. Þakklæðöning er PVC-þakdúkur.
Aðalburðarbitar yfir íþróttasal eru grindarbitar úr stáli og ofaná þeim þakeiningar, byggðum upp þannig (talið neðan frá):
A: Gataðar stálplötur
B: 30 mm steinull (hljóðaeinangrun)
C: Stálprófilar með steinull á milli
D: 2"x3" timburgrind
E: Krossviður
F: PVC-þakdúkur
2.3.Yfirborð utanhúss.
Útveggir hliðarbygginga eru múrhúðaðir með fullri afréttingu og málaðir.
Veggir Íþróttasalar eru einangraðir utan með steinull í timburgrind og klæddir með málmklæðningu
2.4.Yfirborð veggja innanhúss.
Útveggir hliðarbyggingar eru einangraðir innan og múrhúðaðir. Milliveggir
sem ekki eru berandi, eru hlaðnir og múrhúðaðir. Þar sem steypa er sýnileg, eru veggir sandspartlaðir og málaðir.
2.5.Yfirborð gólfa innanhúss.
Gólf íþróttasala er tvöföld timburgrind sem klædd er parketi. Í veitingasal er
gólf klætt parketi beint á stein. Á forsal eru flísar en gegnheill vinyldúkur,
úretan-gólfmassi eða málning á öðrum rýmum.
2.6.Hurðir.
Öll innihurðaop í umferðarrýmum eru a.m.k. 90 sm.
2.7. Gólfniðurföll.
Gólfniðurföll eru við allar handlaugar og ræstivaska.
2.8. Loftræsting.
Öll gluggalaus rými eru loftræst með vélrænni loftræsingu.
3.Brunavarnir.
3.0.Forsendur brunatæknilegrar hönnunar íþróttasalar
Brunaálag allt að 300 MJ/m2 gólfflatar. Í íþróttasal eru ekki geymd efni sem
orsaka hraðan bruna.
Burðarbitar eru ekki eldvarðir sérstaklega.
Reyklúgur alls 20 m2, opnanlegar hurðir 23 m2
3.1.Burðarvirki
Límtrébitar yfir veitinga- og karatesal á 2. hæð uppfylla B60
Allar plötur (hæðaskil) eru úr staðsteyptri steinsteypu (A60).
3.2 Loft og veggir
Yfirborð allra lofta og út- og innveggja er í flokki 1 skv. reglugerð.
3.3.Hurðir
Brunaþol hurða skv. brunavarnauppdrætti. Panikk-læsingar eru á öllum
hurðum út úr íþróttasal.
3.4.Áhorfendabekkir
Í húsinu eru útdraganlegir áhorfendabekkir fyrir 2000 manns. Sæti bekkja eru úr plasti en allt burðarvirki þeirra úr stáli.
3.5Lyfta
Lyftugöng og lyftuhús skv. gr. 7.5.5. í brunamálareglugerð.
3.6.Út-/neyðarlýsing
Útlýsing og neyðarlýsing er háð rafhlöðu. Staðsetning skv. brunauppdrætti og reglugerð.
3.7.Í öllu húsinu er brunaviðvörunarkerfi sem uppfyllir kröfur Brunamálastofnunar Ríkisins.
3.8.Reyklosun frá íþróttasal er um 10 lúgur í þaki, hver a.m.k. 2m2. Reyklúgur í mæni opnast við staðfest brunaboð, sem eru t.d. tveir reykskynjarar. Lúgurnar opnast 110°. Lúgur næst langhliðum eru með platskúplum sem bráðna við hita nálægt 200°C. Lúgur með sjálfvirkum opnunarbúnaði eru því alls 12m2 en lúgur með auðbrennanlegu plasti um
8m2.
3.9.Björgunarsvæði.
Aðkoma við austur-, norður- og vesturhlið hússins en auk þess er svæði milli gerfigrasvallar og húss undirbyggt fyrir slökkvibíl.
3.10. Handslökkvitæki
Staðsetning handslökkvitækja í samráði við eldvarnaeftirlit.

ÍÞRÓTTASALUR 2

BYGGINGARLÝSING
Ásvellir 1, Hafnarfirði. Íþróttamiðstöð Hauka, íþróttasalur 2
Landnúmer: 120001. **Staðgreinir**: 04400010. Hnit: ÍSNET 93
Almennt.
Íþróttasalur 2 er byggður ofan á sökkla og botnplötu sem voru byggð árið 2005. Salurinn er stærri en þá var áætlað og því eru byggðir viðbótarsökklar og botnplata vegna þess. Nýbyggingin leggst upp að eldra húsi og verður núverandi útveggur búningsherbergjabyggingar að innvegg í íþróttasal 2. Núverandi búningsherbergi þjóna íþróttasal 2 en byggði eru ný tæknirými og áhaldageymsla fyrir húshlutann.
Notkun eignarinnar
Íþróttasalur 2 er æfingasalur fyrir skólaleikfimi, körfubolta, handbolta, og blak. Hönnun salarins er þó einnig miðuð að keppni þar sem áhorfendur eru í útdraganlegum bekkjum með sætum eins og teikningar sýna. Sérstaklega er horft til að íþróttasalur 2 verði keppnishús fyrir körfubolta.
Fjöldi hæða
Byggingin er á tveimur hæðum og gólf hennar tengjast við gólf eldri byggingar í sömu hæð.
Áætlaður fjöldi starfsmanna og mesti fjöldi fólks
Íþróttasalur 2 verður í umsjón starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar og svæðisins í heild en þeir hafa sína aðstöðu í eldra húsi. Fjöldi starfsmanna er að jafnaði um 15 manns en um 20 manns á álagstímum.
Í íþróttasal 2 er áhorfendabekkir með 1054 sætum. auk 4 stæða á gólfi fyrir hreyfihamlaða.
Almenn lýsing á burðarkerfi
Sökklar og gólfplötur eru úr járnbundinni steinsteypu.
Meginburðarvirki eru steyptir veggir, steyptar plötur og steyptar svalir.
Þak yfir áhaldarými/tæknirými er staðsteypt.
Burðarvirki þaks Íþróttasalar eru úr stáli.

Byggingarefni gólfs, útveggja og þaks, einangrun, frágangur og efni
Veggir og gólf eru steinsteypt. Útveggir eru einangraðir að utan með steinullareinangrun, 100 kg/m³.
Botnplötur eru úr járnbentri steinsteypu á burðarhæfu undirlagi. Einangrað er undir botnplötu með 50 mm plasteinangrun, 24kg/ m³.
Þakplötur útbygginga eru steyptar. Ofan á steyptar þakplötur yfir áhaldarými/tæknirými er heilsoðinn asfaltdúkur í tveimur lögum, a,m.k. 8 kg/m². Ofan á asfaltdúk er sett Roofmate 200mm vatnspolin þakeinangrun í tveimur víxllögðum lögum. Ofan á einangrun er settur afrennslisdúkur (Mink system) sem tekur meginhluta regnvatns og veitir í þakniðurföll. Ofan á afrennslisdúk er hellulagt. Vatnshalli er 1:40 (hallandi þakplata).
Ofan á stálbita í þaki íþróttasalar eru þakeiningar (ekki berandi) sem ná milli langbanda sem hvíla á meginbitum. Einingarnar eru 196 mm þykkar, úr harðpressaðri steinull með málmbyrði ofan og neðan. Ofan á þakeiningar er heilsoðinn asfaltdúkur í tveimur lögum, a,m.k. 8 kg/m². Neðan í þakeiningar er fest 50 mm harðpressuð steinullareinangrun, síðan filtdúkur og loks sígötuð bárustálplata (hljóðísog).

Gerð, glugga, hurða og glers
Gluggar eru álklæddir trégluggar. Hurðir eru úr áli. Gler í gluggum og hurðum er með einangrunargler með sólvörn og öryggisgler skv. kröfum byggingarreglugerðar er þar sem hæð frá gólfi er minni en 80 cm.
Gerð og hæð handriða innan sem utan
Handrið á svölum í íþróttasal er úr steypu og stálgrindum, 1,2 m hátt. Handrið í stigahúsi er 90 cm hátt en 110 cm meðfram stigapalli á 2. hæð. Handlistar eru meðfram flóttastiga frá svölum Íþróttasalar, hæð 90 cm.
Gerð trappa, stiga, svala, veranda, gryfja og annarra mishæða
Tröppur í stigahúsi og flóttaleið, ásamt svalagólfi allan hringinn Íþróttasal eru úr staðsteyptir steinsteypu.
Gerð innveggja, hljóðeinangrun og brunaþol
Innveggir eru steyptir umhverfis tæknirými og áhaldageymslu. Þar sem áður voru gluggar í útvegg eldra húss er að hluta klætt yfir með léttri gipsklæðningu á þann hátt að brunakröfur veggjarins í heild eru uppfylltar.
Gerð innihurða, hljóðeinangrun og brunaþol
Karmar innihurða eru úr stáli og hurðarblöð ýmist harðplastlögð eða úr stáli.
Klæðningar og loft innanhúss og brunaflokkur
Loft í íþróttasal er úr sígötuðum báruðum stálplötum sem með steinull fyrir ofan hefur góða hljóðísogseiginleika. Loft í mótstjórnar og félagsrýmum eru niðurtekin kerfisloft með hljóðísogi. Í umferðarleiðum í nýju stigahúsi anddyrir er niðurtekið loft úr sígötuðum málmpanelum (samskonar og er í eldra húsi).
Reiknað einangrunargildi hvers einstaks byggingarhluta (kólnunatölur)
Gluggar: 1,6 W/m²K
Hurðir: 2,4 W/m²K
Steyptir útveggir: 0,38 W/m²K
Botnplata: 0,27 W/m²K
Þak yfir tæknirými og stigahúsi: 0,20 W/m²K
Þak yfir íþróttasal 2: 0,17 W/m²K
Reiknað heildarhitatap og heildarorkuþörf
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða: 0,48 W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss: 0,67
Lagnakerfi
Fráveitukerfið er tvöfalt kerfi. Frárennsli í grunni og utanhúss verða plastpípur og plastbrunnar þar sem því verður við komið vegna umferðar- eða dýptarálags. Þar sem gert er ráð fyrir umferðarálagi eða aukinni dýpt verða notaðar styrktar plastpípur og brunnar. Miðað er við að frárennslislagnir innanhúss verði lagðar úr PP.
Mest allt ofanvatn sem til fellur innan lóðarmarka, s.s. afrennsli af þökum, bílastæðum og öðrum hlutum lóðar er skilað út fyrir lóðarmörk í ofanvatnskerfi.
Stofnlagnir neysluvatnskerfisins verða úr ryðfríum þunnveggja stálpípum með klemmdum tengistykkjum.
Upphitun á heitu vatni verður með millihitara. Hitastig á heita vatninu verður 60-65°C að blöndunartækjum en 43°C frá þeim.
Brunaslöngur verða tengdar neysluvatnskerfi og skiliið á milli með einstefnulokum.
Húsið verður að mestu hitað upp með ofnakerfi sem annar fyrst og fremst beinu varmatapi.
Gert er ráð fyrir að hitastig hitaveituvatns sé 70 °C. Miðað er við að hitastig bakrásar frá hitakerfi sé 35 °C. Hitakerfið verður lokað kerfi með varmaskipti.
Dreifileiðslur að ofnum verða svartar stállagnir. Allar dreifileiðslur verða einangraðar.
Þar sem loftræsikerfið annar loftskiptunum í húsinu er reiknað með 0,2 loftskiptum pr. klst í rýmum.
Sjálfvirk hitastýring verður á hitakerfinu. Vegghitaskynjari/stillir í íþróttasal stjórnar mótorloka á stofnlögn sem skammtar rennsli inn á alla ofnana í salnum. Ofnar í íþróttasal eru því ekki með sjálfstæða ofnloka. Ofnar í minni rýmum (öllum öðrum rýmum) verða með hefðbundnum lofthitastýrðum ofnlokum.
Loftræsing
Markmið með loftræsingu er að loftræsa íþróttasal og einstök rými reglulega með útilofti til að þynna út og fjarlægja loftmengun frá fólki, starfsemi, byggingarefnum og húsgögnum. Hámarksgildi CO2 í innilofti er 800 ppm. (1000 ppm skammtímagildi) og á það við um öll vinnu- og dvalarrými. Við hönnun og frágang loftræsikerfisins verður farið eftir íslenskum reglugerðum, svo sem Byggingarreglugerð. Einnig verður stuðst við danska staðla um loftræsikerfi (DS 428 og DS 447) og Ventilation Ståbi.
Loftræsiþörf byggingarinnar er metin m.a. með hliðsjón af 10.2.7 gr. Byggingarreglugerðar. Loftræsiklefinn verður í þar til gerðu tæknirými. Loftinntakið og frákastið verða á hliðum tæknirýmisins.
Þannig skal gengið frá loftræsikerfinu að það rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Þar sem loftræsistokkar ganga á milli meginbrunahólfa verða brunalokur sem skulu lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi. Loftræsikerfið stöðvast við brunaboða frá brunaviðvörunarkerfi.

Brunavarnir
Samantektartexti brunavarna hér að neðan fjallar um Íþróttasal 2. Brunatæknilegur aðskilnaður verður á milli íþróttasalar 2 og og eldra húss.

Notkunarskilmálar
Byggingin er í notkunarflokki 2.
Hámarksfjöldi er 1200 - 1400 manns við íþróttaiðkun með áhorfendum.
Reiknað er með að hámarksbrunaálag á gólfflöt verði ekki meira en 400 MJ/m2.

Burðarvirki
Veggir og undirstöður eru steinsteypt og a.m.k. R60. Steyptur veggur á skilum bygginganna verður A2-REI 120-M.
Stálburðarvirki í þaki íþróttasalar er óvarið en jafngildir R60 þegar tekið er tillit til reyklosunar, sjá kafla um reyklosun. Frekari upplýsingar um burðarvirkið má sjá á burðarþolsuppdráttum af byggingunni.

Brunahólfun
Viðbyggingin er eitt meginbrunahólf og að mestu eitt rými ef frá eru talin fjögur minni rými sem brunahólfuð eru frá meginrýminu (EI 60). Brunahólfun er sýnd á aðaluppdrætti.

Yfirborðsefni
Loft- og veggklæðningar innanhúss eru í flokki 1. Klæðningar í flokki 1 skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K210 Bs1,d0.
Upphengikerfi niðurtekinna lofta eru úr A-efnum (A2-s1, d0) og loftaplötur eru í flokki 1.
Utanhússklæðningar eru í flokki 1, steinsteypt yfirborð, steinull og álklæðning.
Yfirborð gólfa eru í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina Dfl-s1.
Þakklæðningar eru í flokki T og skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-5 um flokkunina B(roof) (t2).
Nota skal óbrennanlega einangrun í bygginguna A2-s1,d0 nema þar sem forsamþykktar undanþágur byggingarreglugerðar heimila brennanlega einangrun.
Flóttaleiðir
Vel er séð fyrir flóttaleiðum úr byggingunni. Helstu flóttaleiðir í íþróttasal liggja allar beint út úr byggingunni. Flóttaleiðir úr minni rýmum liggja m.a. beint út undir þert loft eða inn í annað brunahólf og þaðan til öruggs staðar.
Dyr í flóttaleiðum eru a.m.k. 90 cm breiðar og skulu almennt opnast í flóttaátt. Hurðir fyrir fleiri en 150 manns skulu búnar opnunarbúnaði skv. ÍST EN 1125. hurðir fyrir færri en 150 skulu hafa opnunarbúnað skv. ÍST EN 179.
Neyðarlýsing
Neyðarlýsing er skv. byggingarreglugerð, leiðbeiningarblaði Mannvirkjastofnunnar, ÍST EN 1838 og EN 50172.
Flóttaleiðalýsing skal vera 1 lúx í flóttaleiðum og 5 lúx við neyðarbúnað, handboða og slökkvitæki.
Svæðislýsing 0,5 lúx í opnum rýmum yfir 60 m2 eins og fótboltasalnum.
Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt, sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð skal vera í byggingunni, hannað og sett upp skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54.
Aðalvaktstöð kerfisins skal vera í aðalanddyri á Ásvöllum og gert er ráð fyrir undirstöð í viðbyggingunni þar sem aðkoma slökkviliðs er skilgreind. Deililhönnun mun leiða í ljós hvernig endanleg samtenging kerfanna verður háttað.
Slönguhjól og handslökkvitæki
Gert er ráð fyrir slönguhjólum í húsinu. Slönguhjólin skulu vera skv. ÍST EN 671-1. Staðsetning er sýnd á aðaluppdráttum.
Handslökkvitæki verða í byggingunni við allar dyr í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
Handslökkvitæki eru af viðeigandi gerð og er gerð þeirra og staðsetning ákveðin í samráði við brunahönnuð.
Reyklosun
Reyklosun úr Íþróttasalnum er um sex reyklúgur í þaki sem hver er 1,5 m2 í virka opnun. Aðloft kemur um gönguhurðir sem opna beint út.
Reyklosun úr öðrum rýmum byggingarinnar verður um opnanlega glugga og dyr.
Viðhald og eftirlit með brunavörnum
Eigendur/forráðamenn bygginganna þurfa að sinna viðhaldi og eftirlíti brunavarna sbr. Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna á brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994. Gera þarf þjónustusamninga vegna eftirlits og viðhalds á brunaviðvörunarkerfi, reyklúgum, handslökkvitækjum, slönguhjólum og út- og neyðarlýsingu.

Frekari upplýsingar um brunavarnir bygginganna er að finna í brunahönnunarskýrslu Verkís sem fylgir aðaluppdráttum.

Tæknibúnaður, ss. lyftur og fl.
Enginn í nýbyggingu íþróttasalar 2. Aðkoma að svölum í íþróttasal 2 er um lyftu í núverandi húsi.
Hljóðvistarkröfur og hvernig þær eru uppfylltar
Kröfur til ómtímalengdar verða uppfylltar með notkun á hljóðísogandi lofta- og veggjaklæningum. Miðað er við að ómtími í íþróttasal verði ekki meiri en 1,5 s.
Loftræsing og annar tæknibúnaður verður staðsettur og útfærður með þeim hætti að kröfur til hljóðstigs verði uppfylltar.
Frágangur lóðar
Í tengslum við byggingaráfangann íþróttasalur 2 verður gengið frá yfirborði lóðar á svæði norðan , austan og sunnan hans. Aksturleiðir og bílastæði eru malbikuð, en gönguleiðir hellulagðar. Hluti helluslagðs svæðis (gönguleiðir) frá útgöngum og að anddyri eru snjóbræddur. Lýsing lóðar er frá ljósastaurum.
Atriði varðandi algilda hönnun
Almenna hreyfihamlaðra er gott um allt húsið. Í húshlutanum „íþróttasalur 2" lyfta en rétt við tenginguna milli húshluta er lyfta í eldra húsi sem gerir aðgengi að báðum hæðum gott. Gert er ráð fyrir áhorfendum í hljólastólum, annað hvort á svölum eða á gólfi við enda áhorfendabekkja. Ekki er sérmerkt stæði fyrir hjólastóla.
Meðhöndlun sorps
Tilfallandi almennt sorp frá starfseminni er flokkað og meðhöndlað í flokkunagáma á lóð, við vesturhlið núverandi húss.
Heildarstærð byggingarinnar í m2 og m3 (brúttóstærð), sbr. ÍST 50

	Eldra hús	Íþróttasalur 2	Alls
Brúttó flötur:	5.761 m²	2.411 m²	8.172 m²
Brúttó rúmmál:	31.400 m³	18.058 m³	49.458 m³

Stærð lóðar
Heildarstærð svæðis Ásvalla er um 15,2 ha skv. gildandi deiliskipulagi.
Nýtingarhlutfall
Íþróttasalur 2 er viðbót við önnur mannvirki innan Ásvallasvæðisins. Ekki er reiknað nýtingarhlutfall.
Fjöldi bílastæða (þar af f. fatlaða) - bílastæðabókhald
54 stæði við nýjan byggingarhluta (austan megin) , íþróttasal 2, þar af tvö fyrir fatlaða
123 stæði við eldra hús (vestan megin), þar af 9 fyrir fatlaða.
3 stæði fyrir rútur nyrst á svæðinu.

20025 31 27.02.2020

Sambykkt þann 04. MAR. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
27.2.2020

26.02.2020

Kt. 050294-3029
Hlutverk á forræðissviði Verkís

Skýringar vegna breytinga

A Fjöldi sæta uppfærður úr 912 í 1058.

A	TÞ	HMH	23.01.2020
ÚTGÁFA	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	Dags

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRGÖTU 9
101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is
ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR
Helgi Már Halldórsson Arkitekt F.A.Í. kt. 301258-7049
helgimar@ask.is
ASK ARKITEKTAR

VERKHEITI
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ HAUKA
Ásvöllum 1, Hafnarfirði

TEGUND TEIKNINGAR: Aðalteikningar
HEITI TEIKNINGAR: Byggingarlýsing
MKV. 1 A1
HANNAÐ HMH
TEIKNAÐ KJH
YFIRF. HMH
DAGS. 04.11.2016
VERK NR. 9623
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR A-000
ÚTGÁFA A

© ÖLL AFNOT OG ÁRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.